

16 látbrögð við 16 mánaða

Börn ættu að hafa lært 16 látbrögð við 16 mánaða aldur

Þróun samskipta hjá börnum hefst á fyrsta æviári þeirra og í því felst meira en það að geta talað. Þessi þróun samskipta á rætur sínar í félagslegum samskiptum við foreldra og aðra umönnunaraðila í daglegu lífi barnanna. Það er mikilvægt fyrir barnið þitt að þroska félagsleg samskipti þar sem það hjálpar barninu að tengjast þér, það lærir tungumálið og hugtök auk þess að vera undirbúningur fyrir lestur og námsárangur. Góðir samskiptahæfileikar eru einnig besta verkfærið til að koma í veg fyrir hegðunarvandamál og auðvelda barninu að vinna sig úr gremju/pirringi en slíkt þurfa öll börn að læra að komast í gegnum.

Með því að fylgjast með látbrögðum barns þíns á unga aldri getur þú fylgst með mikilvægum stigum í samskiptaþroska þess. Jafnvel minnstu augnablik í samskiptum geta safnast saman og haft áhrif á námshraða barnsins. Rannsóknir á ungum börnum benda til þess að þróun látbragða frá 9 til 16 mánaða hafi forspárgildi á málþroska þeirra tveimur árum síðar. Þessi þróun er mikilvæg þar sem málþroski leikskólabarna hefur forspárgildi fyrir námsgetu þeirra þegar þau koma í skóla. Því er mikilvægt að muna að við 16 mánaða aldur ættu börn að hafa tileinkað sér að lágmarki 16 látbrögð.

Því fyrr því betra

Snemmtæk íhlutun vegna samskipta- og tungumálaerfiðleika getur komið í veg fyrir erfiðleika seinna meir er tengjast hegðun, námi, lestri og félagslegum samskiptum. Rannsóknir á heilaþroska benda allar til þess að því fyrr sem brugðist er við, því betra í kennslu ungra barna. Mikilvægasta tímabil náms er á fyrstu þremur æviárum barns. Tengingar í heilanum verða til þegar ung börn læra með því að kanna og hafa samskipti við fólk og hluti í umhverfi sínu. Heilatengingarnar myndast hraðast á þessum tíma og eru móttækilegastar í gegnum könnunarleik. Við 3 ára aldur hafa stærstu heilatengingarnar þroskast og eftir það verður erfiðara að gera miklar breytingar á taugabrautum barnsins. Fyrir frekari upplýsingar, sjá „The Science of Early Childhood Development“ hjá Center on the Developing Child – Harvard University.

9 mánaða: Gefa, hrista höfuð

Við 9 mánaða aldur byrja fyrstu látbrögð barnsins að þróast bæði út frá hegðun þeirra og viðbrögðum annarra. Börn byrja á því að læra að halda á hlut. Þegar þau hafa náð stjórn á handahreyfingum til að sleppa og missa hlutinn, öðlast þau reynsluna frá foreldrunum sem halda hönd úti til að grípa hlutinn – og þannig læra þau að gefa.

Börn læra að gefa „nei“ í skyn með því til dæmis með því að hrista höfuðið ef þau vilja ekki mat sem þeim líkar ekki. Þau líta til baka á foreldrana og viðbragð þeirra sem er að fjarlægja matinn sem börnin vildu ekki.

10 mánaða: Teygja sig, lyfta höndum

Við 10 mánaða aldur læra börn að teygja sig í gegnum könnunarleik og tilraunir á öðrum, með því að teygja sig í hluti og með því að biðja um að láta taka sig upp.

Þegar þau læra að sjá fyrir viðbrögð annarra nota þau teygja sig látbragðið sem merki. Fyrst teygja þau hendurnar upp, svo opna þau lófana og láta þá snúa upp og teygja hendurnar fram og með þessu eru þau að biðja um að láta taka sig upp.

11 mánaða: Sýna og veifa

Við 11 mánaða aldur vaknar áhugi barna á að deila áhuga sínum með öðrum. Þau læra að halda á og sýna hluti og vilja fá aðra til að horfa á og sjá það sem þau hafa áhuga á.

Börn fara að heilsa og kveðja þegar ákveðnir einstaklingar koma og fara en það er hluti af félagslegum tilraunum þeirra. Þau læra að hrista höndina til að veifa en þroskaðra veif þróast síðar.

12 mánaða: Opna hönd, benda, banka

Við 12 mánaða aldur benda börn með opnum lófa og fingur í sundur og banka með fingur saman en það er leiðbeinandi látbragð til að beina athygli annarra að því sem þau hafa áhuga á. Látbrögð barnanna verða greinilega meir og meir vísitandi og eru oft notuð með alls konar hljóðum og hljóðarunum.

13 mánaða: Klappa, senda fingurkoss

Við 13 mánaða aldur byrja börn að læra með því að fylgjast með öðrum, þ.e. fylgjast með öðrum og herma eftir því sem þeir gera og segja. Þau læra að nota látbragð líkt og að klappa saman höndum og senda fingurkoss. Látbrögðin og orðin sem börnin sjá og heyra móta orðaforða þeirra og auka áhuga þeirra á að læra meira.

14 mánaða: Benda með vísifingri, uss látbragð

Við 14 mánaða aldur geta börn bent með vísifingri til að vísa á hluti í fjarlægð. Slíkt er merki um að það að læra með því að fylgjast með öðrum standi alltaf fyrir sínu og að börnin séu að nálgast það að geta notað táknrænar hreyfingar til samskipta. Þau nota einnig vísifingur til að gera „uss“ látbragð. Vaxandi safn látbragða ýtir undir að þau fari að nota töluð orð.

15 mánaða: Kinka kolli, þumlar upp, hendur upp

Við 15 mánaða aldur sjást táknræn látbrögð sem líkjast orðum, t.d. kinka kolli eða setja þumla upp til að tákna „já“, veifa hönd fyrir framan nef til að tákna „vonda lykt“ eða setja höndina upp til að tákna „bíddu“. Látbrögðin sýna nú ekki eingöngu það sem barnið er að hugsa um heldur einnig að þau vilji deila hugmyndum sínum með öðrum.

16 mánaða: Önnur táknræn látbrögð

Við 16 mánaða aldur þroskast önnur táknræn látbrögð, t.d. yppa öxlum fyrir „veit ekki“ og gefa fimmu. Látbrögðin styrkja þau nú í að læra töluð orð.

~~~~~

Að ná tökum á 16 látbrögðum er mikilvægur áfangi þess að læra tungumál og þróa hæfileikann til að læra.

Þegar við fylgjumst með þroska og þróun látbragða lærum við margt um táknræn samskipti barna okkar – og í leiðinni hvort við ættum að hafa áhyggjur af því að barnið sé ekki enn farið að tala. Þrátt fyrir að fjölskylduáherslur og mismunandi menning geti haft áhrif á það hvernig börn læra mismunandi látbrögð þá er það samt mikilvægur áfangi að hafa náð 16 látbrögðum fyrir 16 mánaða

Margrét Samúelsdóttir og Rósalind Signýjar Kristjánsdóttir, talmeinafræðingar, 2018.

Þýðing frá The First Word Project – 16by16, 2014.

aldur því það kemur börnum frá fyrstu stöku orðunum yfir í orðaforða „sprengju“ við 18 - 21 mánaða aldur. Börnin skilja þá að allt á sér nafn og bæta því hraðar við sig nýjum orðum.

Bestu augnablikin í fyrstu skrefum málþroskans er þegar barn og umönnunaraðili sameina athygli á sama hlutinn og umönnunaraðilinn talar um það sem grípur áhuga barnsins og býr þannig til fleiri tækifæri til að læra, þ.e. með því að nota félagsleg samskipti. Noti börnin ekki þessi látbrögð þá getur verið að foreldrið fái ekki tækifæri til að bregðast við og fylgja eftir því sem barnið sýnir áhuga á, sem aftur takmarkar tækifæri barnsins bæði til að efla málið og félagsleg tengsl þess.

Þegar þessi látbrögð þroskast á milli 9 og 16 mánaða aldurs þá ættir þú einnig að taka eftir öðrum áföngum í félagslegum samskiptum, t.d. augntillit og svipbrigði til að deila athygli og tilfinningum ásamt auknu hlutfalli samskipta með bendingum og hljóðum, fleiri tilbrigði í leik og vaxandi hæfni til að skilja töluð orð. Séu þessu samskiptaáfangar ekki til staðar er líklegt að barnið verði seint til í máli. Mikilvægt er að hafa í huga að tafir á þessum samskiptaáföngum gætu bentu til annarra þroskaraskana. Með því að greina seinkun í snemmbúnum félagslegum samskiptahæfileikum er hægt að bregðast snemma við og styðja þannig enn betur við þroska barnsins, áður en verulegar tafir verða áberandi.

Þessar upplýsingar geta hjálpað foreldrum og öðrum umönnunaraðilum að styðja við þroska barns þíns. Þær geta einnig hjálpað þér að taka fljótt eftir litlum seinkunum svo þú getir brugðist við þeim og komið í veg fyrir alvarlegar seinkanir síðar. Sum börn sem eru sein til samskipta taka þroskakipp og ná jafnöldum sínum en önnur börn þurfa aukalega aðstoð til að njóta sín.